

Mál nr. 127/2016
M og
vátryggingafélagið V v. innbústryggingar fjölskyldutryggingar.

Tjón á reiðhjóli þegar steinn skaust upp í stellið 3.4.2016

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 22.4.2016 ásamt fylgiskjöllum 1-3
2. Bréf V dags. 12.5.2016

Málsatvik.

Tjón varð á reiðhjóli M þegar því var hjólað eftir hjólastíg/göngustíg og steinn skaust upp í stellið með þeim afleiðingum að það skemmdist. M krefst bóta vegna tjónsins og segir óviðkomandi málinu hvers konar hjól hafi verið um að ræða, tjónið sé ekki af völdum slits og telur það ekki hlutverk hjólreiðamanna að þeir skoði hvort hjólreiðastígar séu hreinsaðir eða ekki. V hafnar bótaskyldu og segir M hafa verið að hjóla yfir göngustíg sem ekki hafi verið sópaður þegar óhappið varð. V segir að á þeim árstíma sem tjónið varð megi vænta misjafnra veðra og gera megi ráð fyrir steinum og lausamöl á gang- og hjólastígum. V telur það að steinn skjótist upp undan reiðhjóli sé ekki ófyrirsjáanlegur atburður heldur áhætta sem því fylgir. V vísar til ákvæðis 4.1 í III kafla skilmála umræddrar tryggingar þar sem fram kemur að tryggingin bæti tjón af völdum skyndilegra og ófyrirsjáanlegra utanaðkomandi atvika og telur V að ekki hafi verið um ófyrirsjáanlegt atvik að ræða.

Álit.

Við aðstæður eins og eru iðulega hér á landi á göngu- og hjólreiðastígum, þar sem hálkuvörn er sett á stígana á veturna má jafnan búast við því að steinar geti verið á akstursleið reiðhjóla sem kunni að skjótast undan hjólunum. Slíkt er það algengt að ekki er hægt að fallast á að um ófyrirsjáanlegt atvik sé að ræða þegar það á sér stað. Tjón M varð vegna skyndilegs en ekki ófyrirsjáanlegs atviks og er því bótaskylda ekki fyrir hendi sbr. ákvæði 4.1. í III. kafla vátryggingaskilmála. M á því ekki rétt á bótum úr innbústryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr innbústryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 7.6.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.